

ÁKVÖRDUN FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR

2006/EES/30/13

frá 23. desember 2002

til framkvæmdar reglugerð ráðsins (EBE) nr. 1612/68 að því er varðar atvinnutilboð og
auglýsingar eftir atvinnu (*)

(tilkynnt með númeri C(2002) 5236)

(2003/8/EB)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUBANDALAGANNA
HEFUR,

með hliðsjón af stofnsáttmála Evrópubandalagsins,

með hliðsjón af reglugerð ráðsins (EBE) nr. 1612/68 frá
15. október 1968 um frelsi launþega til flutninga innan
Bandalagsins ⁽¹⁾, eins og henni var síðast breytt með reglu-
gerð (EBE) nr. 2434/92 ⁽²⁾, einkum 44. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Miklar framfarir hafa orðið síðan Vinnumiðlunarneti Evrópu (EURES), sem komið var á fót með ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 93/569/EBE ⁽³⁾ til framkvæmdar reglugerð ráðsins (EBE) nr. 1612/68, var upphaflega hrint úr vör.
- 2) Í ljósi þeirrar reynslu sem fengist hefur síðan 1993 og að teknu tilliti til og til styrkingar nýlegrri þróun í málum er snerta EURES-netið skal netið nú styrkt og samþætt að fullu starfsemi vinnumiðlana aðildarríkjanna. Endurskoða skal núverandi skiptingu ábyrgðar og tilhögun ákvarðanatöku.
- 3) Með tilliti til væntanlegrar stækkunar Evrópusambandsins skal taka fullt tillit til framkvæmdar EURES-netsins í inngöngulöndunum en tryggja um leið að kerfið haldist skilvirkt
- 4) Einnig skal taka tillit til þeirra tækifæra sem ný tæki á sviði upplýsinga- og fjarskiptatækni bjóða upp á til að efla frekar og hagræða þeirri þjónustu sem veitt er.

5) Í þessu skyni ber að festa EURES-netið í sessi og styrkja það sem mikilvægt tæki til að vakta hreyfanleika, styðja frjálsa för launþega og samþætta evrópskra vinnumarkaði og til að upplýsa borgarana um viðeigandi löggjöf Bandalagsins.

6) Nauðsynlegt er að renna stoðum undir starfstengdan hreyfanleika og hreyfanleika milli landssvæða í samræmi við evrópsku vinnumálaáætlunina, til að hrinda í framkvæmd aðgerðaráætluninni um hæfni og hreyfanleika ⁽⁴⁾ og ályktun ráðsins frá 3. júní 2002 um sama málefni ⁽⁵⁾.

7) Til glöggvunar er rétt að leggja nýjan grunn að Vinnumiðlunarneti Evrópu og skilgreina um leið með nákvæmari hætti samsetningu, uppbyggingu og hlutverk þess. Þessi aðgerð felur í sér að ákvörðun 93/569/EBE verður skipt út.

8) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari ákvörðun, eru í samræmi við álit tækninefndarinnar um frjálsa för launþega.

SAMÞYKKT ÁKVÖRDUN ÞESSA:

I. gr.

EURES-netið

Framkvæmdastjórnin, vinnumiðlanir aðildarríkjanna og aðrir innlendir aðilar, sem málið kann að varða, skulu koma upp evrópsku þjónustuneti, undir heitinu EURES-netið (Vinnumiðlun Evrópu), sem skal annast þau upplýsingaskipti og það samstarf sem kveðið er á um í II. hluta reglugerðar (EBE) nr. 1612/68.

(*) Þessi EB-gerð birtist í Stjtið. EB L 5, 10.1.2003, bls. 16. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 7/2004 frá 6. febrúar 2004 um breytingu á V. viðauka (Frelsi launþega til flutninga) við EES-samninginn, sjá *EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins* nr. 20, 22.4.2004, bls. 10.

⁽¹⁾ Stjtið. EB L 257, 19.10.1968, bls. 2.

⁽²⁾ Stjtið. EB L 245, 26.8.1992, bls. 1.

⁽³⁾ Stjtið. EB L 274, 22.10.1993, bls. 32.

⁽⁴⁾ COM(2002) 72 lokaútgáfa frá 13.2.2002.

⁽⁵⁾ Stjtið. EB C 162, 6.7.2002, bls. 1.

2. gr.

Markmið

EURES-netið stuðlar að samræmdri framkvæmd ákvæða í II. hluta reglugerðar (EBE) nr. 1612/68. Það styður evrópsku vinnumálaáætlunina og stuðlar að því að styrkja einn og óskiptan markað í Evrópu.

Einkum í þágu þeirra sem eru í atvinnuleit, launafólks og vinnuveitenda skal EURES-netið stuðla að:

- a) þróun evrópskra vinnumarkaða er séu öllum opnir og aðgengilegir,
- b) miðlun atvinnutilboða og auglýsinga eftir atvinnu milli landa, milli svæða og yfir landamæri,
- c) gagnsæi og upplýsingaskiptum um evrópska vinnumarkaði, þ.m.t. um lífskjör og tækifæri til að afla sér færni,
- d) þróun aðferðarfræði og vísa í þessu skyni.

3. gr.

Samsetning

Eftirfarandi tilheyrja EURES-netinu:

- a) aðilarnir að EURES-netinu, sem skulu vera sérstakar þjónustuskrifstofur tilnefndar af aðildarríkjunum í samræmi við 2. mgr. 13. gr. reglugerðar (EBE) nr. 1612/68, sem og evrópska samráðsskrifstofan í samræmi við 21., 22. og 23. gr. þeirrar reglugerðar, og
- b) samstarfsaðilar EURES-netsins, eins og kveðið er á um í 1. mgr. 17. gr í reglugerð (EBE) nr. 1612/68, þ.e.
 - i) svæðisvinnumiðlanir í aðildarríkjunum,
 - ii) vinnumiðlanir sem bera ábyrgð á landamærasvæðum,
 - iii) sérhæfðar vinnumiðlanir sem hafa verið tilkynntar til framkvæmdastjórnarinnar í samræmi við 2. mgr. 17. gr. reglugerðar (EBE) nr. 1612/68.

Stéttarfélög og samtök vinnuveitenda, sem aðilarnir að EURES-netinu tilnefna, tilheyrja einnig EURES-netinu.

4. gr.

Hlutverk evrópsku samráðsskrifstofunnar

Aðalskrifstofa framkvæmdastjórnarinnar á sviði atvinnu- og félagsmála skal sjá um stjórnun evrópsku samráðsskrifstofunnar.

Evrópska samráðsskrifstofan (hér á eftir nefnd samræmingarskrifstofa EURES-netsins) skal hafa umsjón með því að ákvæði II. hluta reglugerðar (EBE) nr. 1612/68 séu uppfyllt og skal styðja við starfsemi netsins.

Hún skal einkum:

- a) greina landfræðilegan og starfstengdan hreyfanleika og þróa almenna stefnu að því er varðar hreyfanleika, í samræmi við evrópsku vinnumálaáætlunina,
- b) móta samfellda heildarstefnu og viðeigandi fyrirkomulag til að stuðla að samvinnu og samræmi milli aðildarríkjanna,

- c) sjá um heildarvöktun og –mat á starfsemi EURES-netsins og aðgerðir til að ganga úr skugga um að hún sé í samræmi við reglugerð (EBE) nr. 1612/68 og þessa ákvörðun.

5. gr.

Kennimerki EURES-netsins

Upphafsstafaorðið EURES skal eingöngu notað vegna starfsemi innan EURES-netsins. Myndræn útfærsla þess skal vera staðlað kennimerki (logo) með skilgreinda hönnunarforskrift

Kennimerkið skal skráð sem vörumerki Bandalagsins hjá Samhæfingarskrifstofu innri markaðarinnar (OHIM). Aðilum að EURES-netinu og samstarfsaðilum þess er heimilt að nota það.

6. gr.

Stefnumótunarnefnd háttsettra embættismanna

Stefnumótunarnefnd háttsettra embættismanna er hér með komið á fót, en hún er skipuð yfirmönnum aðila að EURES-netinu, undir formennsku fulltrúa framkvæmdastjórnarinnar. Hún skal vera framkvæmdastjórninni til aðstoðar við að stuðla að og hafa umsjón með þróun EURES-netsins.

Framkvæmdastjórnin skal hafa samráð við stefnumótunarnefnd háttsettra embættismanna um spurningar varðandi stefnumótandi áætlanagerð, þróun, framkvæmd, vöktun og mat á þeirri þjónustu og starfsemi sem um getur í þessari ákvörðun, þ.m.t.:

- a) EURES-sáttmálann í samræmi við 2. mgr. 8. gr.,
- b) viðmiðunarreglur EURES í samræmi við 1. mgr. 9. gr.,
- c) drög framkvæmdastjórnarinnar að ársskýrslu sem kveðið er á um í 1. mgr. 19. gr. (EBE) nr. 1612/68,
- d) skýrsluna sem framkvæmdastjórnin gefur Evrópuþinginu og ráðinu og efnahags- og félagsmálanefndinni á tveggja ára fresti og krafist er í 3. mgr. 19. gr. reglugerðar (EBE) nr. 1612/68.

Yfirmönnum evrópskra samtaka aðila vinnumarkaðarinnar skal boðið að taka þátt í fundum nefndarinnar.

Nefndin ákveður vinnuáðferðir sínar og setur sér starfsreglur. Að jafnaði skal formaður boða til fundar tvisvar á ári. Hún skal skila álitni sínu með einföldum meirihluta.

Samræmingarskrifstofa EURES-netsins skal láta í té skrifstofuáðstöðu.

7. gr.

Starfshópur

Sér til aðstoðar við þróun, framkvæmd og vöktun á starfsemi EURES-netsins skal samræmingarskrifstofa EURES-netsins stofna starfshóp sem skipaður er stjórnendum EURES-netsins sem hver um sig er fulltrúi aðila að EURES-netinu. Samræmingarskrifstofa EURES-netsins skal bjóða fulltrúm aðila vinnumarkaðarinnar í Evrópu og, eftir því sem við á, fulltrúm annarra samstarfsaðila EURES-netsins og sérfræðingum að sitja fundi starfshópsins.

8. gr.

EURES-sáttmálinn

1. Samræmingarskrifstofa EURES-netsins skal samþykkja EURES-sáttmálann í samræmi við málsmeðferðina sem sett er fram í 14. gr. (2. mgr.), 15. gr. (2. mgr.), 22. gr. (a-, b- og c-lið 1. mgr.) og 23. gr. reglugerðar (EBE) nr. 1612/68 að höfðu samráði við stefnumótunarnefnd háttsettra embættismanna EURES-netsins sem komið er á fót með 6. gr. þessarar ákvörðunar.

2. Á grundvelli meginreglunnar um að öll atvinnutilboð og auglýsingar eftir atvinnu sem aðilar að EURES-netinu og samstarfsaðilar birta opinberlega verði að vera aðgengileg í gervöllu Bandalaginu skal EURES-sáttmálinn einkum fastsetja:

a) lýsingar á þeirri starfsemi sem aðilar að EURES-netinu og samstarfsaðilar þess skulu stunda, þ.m.t.:

i) þjónusta við að finna starf við hæfi, þ.m.t. persónuleg ráðgjöf og ráðleggingar til viðskiptavina, hvort sem þeir eru atvinnuleitendur, launþegar eða vinnuveitendur,

ii) þróun samstarfs milli landa og yfir landamæri, sem nær m.a. til vinnumiðlunar og félagslegrar þjónustu, aðila vinnumarkaðarins og annarra stofnana sem hlut eiga að máli, í því skyni að bæta virkni vinnumarkaða, samþættingu þeirra og aukinn hreyfanleika,

iii) að stuðla að samræmdri vöktun og mati á hindrunum á hreyfanleika, offramboði og skorti á færni og straumi inn- og útflytjenda,

b) rekstrarmarkmið EURES-kerfisins, gæðastaðla sem beitt er sem og skyldur aðila að EURES-netinu og samstarfsaðila, þ.m.t.:

i) samþættingu viðeigandi gagnagrunna aðilanna fyrir atvinnutilboð og atvinnumiðlunarkerfis EURES-netsins fyrir ákveðinn frest sem eftir á að tilgreina,

ii) þær upplýsingar, svo sem upplýsingar um vinnumarkaðinn, upplýsingar um lífsskjör og starfsskilyrði, upplýsingar um atvinnutilboð og óskir um atvinnu og hindranir á hreyfanleika, sem þeir þurfa að veita viðskiptavinum sínum og öðrum innan netsins,

iii) þjálfunina og hæfnina sem krafist er af starfsfólki EURES-netsins og skilyrði og aðferðir vegna skipulags heimsókna og verkefna embættismanna,

iv) gerð starfsáætlana, framlagningu þeirra til samræmingarskrifstofu EURES-netsins og framkvæmd starfsáætlana, þ.m.t. sérstakar reglur um starfsemi EURES-netsins yfir landamæri,

v) skilyrði fyrir notkun aðila og samstarfsaðila á kennimerki EURES-netsins,

vi) meginreglur um vöktun og mat á starfsemi EURES-netsins,

c) aðferðir við að koma á samræmdu kerfi og sameiginlegum fyrirmyndum um upplýsingaskipti um vinnumarkaðinn og um hreyfanleika innan EURES-netsins eins og kveðið er á um í 14., 15. og 16. gr. reglugerðar (EBE) nr. 1612/68, þ.m.t. upplýsingar um

störf og um tækifæri til náms innan Evrópusambandsins sem fella skal inn í samþætt vefsetur með upplýsingum um hreyfanleika starfa.

9. gr.

Viðmiðunarreglur og starfsáætlanir

1. Í samræmi við EURES-sáttmálann sem kveðið er á um í 8. gr. og að höfðu samráði við stefnumótunarnefnd háttsettra embættismanna EURES-netsins sem kveðið er á um í 6. gr. skal samræmingarskrifstofa EURES-netsins setja viðmiðunarreglur um starfsemi EURES-netsins sem tekur til þriggja ára tímabils.

Í viðmiðunarreglunum skulu vera skilyrði varðandi hvers kyns fjárhagsaðstoð sem Bandalagið kann að veita í samræmi við 4. mgr.

2. Á grundvelli viðmiðunarreglnanna skulu aðilar að EURES-netinu leggja fram starfsáætlanir sínar fyrir tímabilið sem viðmiðunarreglurnar taka til, til samræmingarskrifstofu EURES-netsins. Í starfsáætluninni skal tilgreina:

a) aðalstarfsemi aðila að EURES-netinu innan ramma netsins, þ.m.t. starfsemi milli landa, yfir landamæri og innan atvinnugreina sem kveðið er á um í 17. gr. reglugerðar (EBE) nr. 1612/68,

b) þann mannafla og það fjármagn sem úthlutað er til framkvæmdar á II. hluta reglugerðar (EBE) nr. 1612/68,

c) fyrirkomulag vegna vöktunar og mats á fyrirhugaðri starfsemi, þ.m.t. upplýsingarnar sem senda á framkvæmdastjórninni árlega.

Í starfsáætlunum skal einnig vera að finna mat á starfsemi og árangri sem náðist á fyrra tímabili.

3. Samræmingarskrifstofa EURES-netsins skal rannsaka starfsáætlanir og upplýsingar sem sendar eru um framkvæmd þeirra með það í huga að meta samræmi þeirra við viðmiðunarreglurnar og ákvæði II. hluta reglugerðar (EBE) nr. 1612/68. Niðurstöður þessa mats skulu greindar sameiginlega með aðilum að EURES-netinu árlega í samræmi við 1. mgr. 19. gr. þeirrar reglugerðar og skal vera að finna í skýrslunni sem framkvæmdastjórnin gefur Evrópuþinginu og ráðinu og efnahags- og félagsmálanefndinni á tveggja ára fresti og krafist er í 3. mgr. 19. gr. þeirrar reglugerðar.

4. Framkvæmdastjórninni er heimilt að veita fjárhagsaðstoð til framkvæmdar starfsáætlana sem falla undir reglur sem gilda um viðeigandi fjárframlög.

10. gr.

Niðurfelling

Ákvörðun 93/569/EBE er hér með felld úr gildi. Hún skal þó gilda áfram um auglýsingar eftir atvinnu sem bærust áður en þessi ákvörðun tók gildi.

11. gr.

Gildistökudagur

Ákvörðun þessi öðlast gildi 1. mars 2003.

12. gr.

Viðtakendur

Ákvörðun þessari er beint til aðildarríkjanna.

Gjört í Brussel 23. desember 2002.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Anna DIAMANTOPOULOU

framkvæmdastjóri.
